

Mál nr. 415/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Heiðarvegi í Vestmannaeyjum þ. 27.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.9.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 15.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf ökumanns A ódagsett ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið niður Heiðarveg þegar farþegi í B hafi opnað vinstri afturhurð í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segir að bifreiðin hafi verið kyrrstæð og afturhurðin legið upp að hurðarstaf, en ökumaður A hafi ekið of hratt og ógætilega.

Álit.

Ekki verður annað séð að virtum öllum gögnum málsins, en að hurð á B hafi verið opnuð út í umferðina í veg fyrir A. Ökumaður B ber því sbr. 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 6.11.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.